


Starfsþróunaráætlun Rimaskóla

Skólaárið 2023-2024

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðar-skólastjóri og deildarstjóri eru skólastjóra til aðstoðar og starfsfólk tekur þátt í að móta hana. Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Tími til símenntunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Almenn er ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.



Símenntun má skipta upp í tvo þætti, það sem er nauðsynlegt fyrir skólann annars vegar og hins vegar það sem starfsfólk metur æskilegt eða nauðsynlegt fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og þeirra áhersluatriða sem eru í innra starfi skólans. Starfsfólki ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda séu þau á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu (Úr Handbók með kjarasamningi).

Í starfsþróunarsamtölum er rætt um starfsþróun, framkvæmd hennar, árangur og óskir fyrir næsta skólaár. Stjórnendur taka starfsþróunarsamtöl a.m.k. einu sinni á skólaári. Í starfsþróunarsamtali skal leitast við að fá fram hugmyndir viðmælenda um það hvernig hann geti eflt starfshæfni sína og auðgað starf sitt. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að tryggja að kröfur og væntingar yfirmanna og starfsmanna séu ljósar og að samráð sé haft um umbætur þar sem þeirra er þörf. Ræða skal einnig fræðsluþörf og leiðir til úrbóta. Einnig á starfsmaðurinn í starfsþróunarsamtali að geta rætt líðan sína á vinnustað, frammistöðu og óskir um starfsþróun.

Í lok skólaárs skila kennarar inn útfylltu eyðublaði þar sem þeir tilgreina hvernig starfsþróun þeir sinntu.

Þættirnir sem lögð verður áhersla á á skólaárinu 2023-2024 eru eftirfarandi:

- Grænu skrefin. Skoða skref 3 og vinna að því ásamt fræðslu því tengdu.
- Innra mat – hvað er góð kennslustund og hvernig getum við eflt árangursríkt skólastarf.
- Læsi – hvernig getum við eflt lestrarfærni nemenda? PALS, Byrjendalæsi, lesskilningur, læsis fimman?
- Starfendarannsókn – hluti kennara hefur áhuga á að efla sig í starfendarannsókn
- Skólabragur – Uppeldi til ábyrgðar, ART
- Tæknimál – hvernig eflum við okkur í tækninni?

Haustið 2023 voru fagteymi sett í gang og starfsfólk í hverju teymi fyrir sig setur línurnar og upplýsir samstarfsfólk.

Teymin sem starfandi eru í vetur eru:

- | | |
|------------------------------|------------------|
| ✓ Lestrarteymi | ✓ Lausnarteymi |
| ✓ Fag- og námsmatsteymi | ✓ Gróskuteymi |
| ✓ Heilsueflandi skóli | ✓ Grænu skrefin |
| ✓ Forvarnar og eineltisteymi | ✓ Öryggisteymi |
| ✓ Áfallateymi | ✓ Regnbogavottun |

Sótt var um styrki í endurmenntunarsjóð Sveitarfélagana og fékkst styrkur að upphæð 625 þús. Í starfshópnum kom ósk um að fá fræðslu um þá þætti sem nefndir voru hér að ofan og var sótt um eftirfarandi til endurmenntunarsjóðs:

- Uppeldi til ábyrgðar – sótt um fyrir nokkrar skóla á höfuðborgarsvæðinu og öllum kennurum skólans bauðst sæti á haustönn 2023.
- Art námskeið
- Eflum liðsandann

Í lok skólaárs skila kennarar inn útfylltu eyðublaði þar sem þeir tilgreina hvernig starfsþróun þeir sinntu yfir skólaárið.